



Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn í Stjörnuheimilinu, miðvikudaginn 08.03.2017, kl. 17:30

Mættir: Sigurður Bjarnason, Þorsteinn Þorbergsson, Kristján B. Thorlacius, Ásta Kristjánsdóttir, Þórdís Björk Sigurbjörnsdóttir, Þorsteinn Júlíus Árnason, Sigríður Dís Guðjónsdóttir. Einnig sat fundinn Ása Inga Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundagerðina.

Fundagerð:

Formaður, Sigurður Bjarnason, setti fundinn og stýrði

1. Samþykkt á fundagerð seinasta stjórnarfundar

Niðurstaða: fundagerð samþykkt

2. Úthlutun afrekssjóðs 2017

Stjórn Afrekssjóðs lagði fram þrjár tillögur tvær höfðu með úthlutun sjóðsins að gera og ein með breytingum á viðurkenndum afrekshópum.

Lögð var fram tillaga að mix/karla hópur í fimleikum sé tekin inn sem afrekshópur í afrekssjóð Stjörnunnar og fær fyrstu úthlutun árið 2017 en hún verður ekki greidd út heldur fer upp í skuld deildarinnar.

Niðurstaða: Tillagan var samþykkt.

Lögð var fram tillaga um að meistaraflokkur karla í körfuknattleik og meistaraflokkur kvenna í knattspyrnu fá aðeins úthlutað fyrstu 4 mánuði ársins. Aðrar greiðslur verða frystar þar til greinagóð aðgerðaráætlun liggur fyrir og merki um viðsnúning farinn að láta sjá sig í rekstrinum. Greitt verður út fyrir árið 2017 til blakdeildar en aðalstjórn mun funda með deildinni til að skoða stefnu og framtíðarsýn deildarinnar.

Niðurstaða: Tillagan var samþykkt.

3. Úthlutun B&U Styrks 2017

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að greitt verður út til deildanna með sama fyrirkomulagi og gert var árið 2016 fram til júní 2017.

Forsenda fyrir því er að verið er að vinna í breytingum á hlutverkum og verkefnum yfirþjálfara sem mögulega hafa áhrif á skipurit og lög félagsins og þarf þar að leiðandi að samþykkja á aðalfundi. Eðlilegt væri að gera breytingar á úthlutun þessa styrks í samræmi við þessar breytingar ef þær verða samþykktar.

Niðurstaða: tillagan samþykkt

4. Uppgjör deilda 2016

Farið var yfir uppgjör aðalstjórnar, vallarsjóðs og deilda félagsins. Um 70 milljón króna tap er á rekstri félagsins árið 2016. Hluta af því tapi má rekja til þess að meistaraflokkur karla í knattspyrnu er að nýta eigið fé sitt vegna evrópukeppninnar 2017. Slæm fjárhagsstaða meistaraflokks karla í körfubolta og meistaraflokks kvenna í knattspyrnu er virkilegt áhyggjuefni og óskar framkvæmdastjóri eftir skýrari verklagsreglum um inngrip í fjármál flokka þar sem fjárhagsstaðan er komin í ólag. Einnig er vert að setja rautt flag við rekstur



meistaraflokks kvenna í handbolta og körfubolta þar sem áframhaldandi tap er á rekstri þessara flokka frá 2015.

Niðurstaða: Framkvæmdastjóra er falið að útbúa til skýrar verklagsreglur um inngríp í fjármál flokka og reglur um samningagerð fyrir hönd félagsins, sem lagðar verða fyrir aðalstjórn og kynntar á félagsráðsfundi 27.mars 2017.

5. Málefni fimleikadeildar

Framkvæmdastjóri fór yfir forsögu þess að gerður var starfslokasamningur við Björt Baldvinsdóttur rekstrarstjóra fimleikadeildar og ráðin var inn nýr rekstarstjóri fyrir deildina. Kristín Helga Einarisdóttir var ráðin inn og gengur henni vel að komast inn í starfið.

Niðurstaða: til upplýsinga

6. Endurskoðun reikninga, aðalfundur og félagsgjald 2017

Endurskoðun:

Þrjú endurskoðendur hafa haft samband við framkvæmdastjóra og lýst yfir áhuga á að á að sjá um þá vinnu fyrir félagið. Þeir eru Eymundur Sveinn Einarsson, Ómar Kristjánsson og Sveinn R. Reynisson.

Niðurstaða: Formanni og gjaldkera aðalstjórnar var falið að hitta þá þrjá aðila sem sýnt hafa endurskoðuninni áhuga og hafa umboð til að taka ákvörðun fyrir hönd aðalstjórnar.

Tímasetning aðalfundar: framkvæmdastjóra er falið að finna bestu dagsetninguna út frá leikjaplani deilda félagsins á tímabilinu 1-12.maí 2017.

Félagsgjald

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að hækka félagsgjaldið upp í 3000kr fyrir árið 2017. Tillagan var felld.

Lögð var fram tillaga um að félagsgjaldið yrði hækkað upp í 3900kr fyrir árið 2017, tillagan var felld.

Lögð var fram tillaga um að félagsgjaldið yrði hækkað upp í 3500kr fyrir árið 2017, tillagan var samþykkt.

7. Led skilti

Formaður og ritari aðalstjórnar er falið að vera í forsvari í viðræður við Garðabæ um möguleikanna á uppsetningu skilta fyrir deildir félagsins. Þeir vinna einnig áfram við að skoða samningsmöguleika við samstarfsaðila.

Niðurstaða: til upplýsinga

8. Önnur mál:

- a) Dagsetning á félagsráðsfund – 27.mars
- b) Dagsetning á vinnufund vegna aðstöðumála starfsmanna – tekið á næsta stjórnarfundi
- c) Björn Pálsson gefur myndir til félagsins. Aðalstjórn þakkar fallega gjöf sem varðveitt verður í safni félagsins yfir sögu þess.

fundi var slitið kl. 20:35, Ritað ÁÍÞ

